



Starfsleyfi

Leyfi til að rífa byggingar að Stóru-Borg Ytri 1 og 2, 531 Hvammstangi, og flutningur á úrgangi þaðan, til förgunar eða endurvinnslu.

Nöfn leyfishafa: Steinþór Hjaltason kt. 120458-5829 fh Stóraborg ehf kt. 6809060920 og Vélaglegunar Lindar ehf. kt. 420115-1130, eigendur jarðanna Stóra-Borg Ytri 1 og 2 lnr. 180622, og lnr. 144569.

Sótt er um leyfi til að rífa haugstæði mhl.03 á Stóru-Borg Ytri 1 og 2 lnr. 180622. Fjárhús mhl.05, hlöðu mhl.06, hlöðu mhl.07, votheysturn mhl.09, fjárhús mhl.11 og hesthús mhl.12 á Stóru-Borg Ytri 2, lnr. 144569.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda, þ.m.t. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og meðfylgjandi skilyrða Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Ef samþykkt er brennsla á húsnæði skal það gert í samráði við Slökkvilið Húnaþings vestra með viðeigandi brunavörnum.

Leyfið gildir frá 07. júní 2021 til 30. desember 2021

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og einnig ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um skyldur rekstraraðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að réttri meðhöndlun hans, endurnotkun, endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæðum um þrifnað lóða sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda. Reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir heilsutjón og mengun af völdum niðurrifs og meðhöndlun asbestsúrgangs.

Gildissvið:

Starfsleyfið tekur til niðurrifs á byggingum sbr. umsókn í tölvupósti dagsetta 7.6.2021 og fundargerð 332. fundar Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra.

Leyfið tekur til allra verkþátta við ofangreinda framkvæmd, meðhöndlun á byggingarúrgangi og flutningi á honum til endurvinnslu eða förgunar.

Skýrslugerð, endurnýting og förgun á úrgangi:

Úrgangur sem til verður við brunann/niðurrifið og ekki skal endurnýttur skal fluttur á brott í viðurkennda förgun. Leitast skal við að skila úrgangi til förgunar með þeim hætti að hann falli sem best að endurvinnsluleiðum móttökuaðila. Öll brennsla á úrgangi á lóð er bönnuð. Gera skal skýrslu um magn og gerð efnis sem fellur til við niðurrif mannvirkja og afdrifum úrgangs.

Spilliefni:

Ef aspest er í byggingunni: Sorphirða Vilhelm Harðarsonar mun sjá um að flokka og flytja úrgang, Hagalín Ragúelsson kt. 160664-4369 hefur leyfi til að meðhöndla aspest og mun sjá um þann þátt fyrir hönd sorphirðu Vilhelms Harðarsonar skv. reglugerð nr. 705/2009. Tilkynna skal urðunarstaðnum Stekkjarvík um aspest úrgang með nokkurra daga fyrirvara.

Olíumengaðan jarðveg skal meðhöndla sem spilliefni og koma í viðurkennda förgun, sömuleiðis málmúrgangi menguðum af spilliefnum. Spilliefnum, sem og úrgangi sem mengaður er af spilliefnum, skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi. Starfsleyfishafi skal hafa tiltæk ísogsefni til hreinsunar á hugsanlegum olíuleka af hans völdum. Ef olíumengaður jarðvegur kemur í ljós undan olíutönkum skal starfsleyfishafi tilkynna slíkt til Umhverfisstofnunar.

Varnir gegn slysum og mengun:

Starfsleyfishafi skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu á meðan á framkvæmd stendur og tryggja góðan frágang athafnasvæðis að verki loknu.

Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slysaþetta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfsemi á framkvæmdatímanum. Gildir það jafnt um hugsanlegt fok, hrun húshluta og byggingaleifa ásamt aðgengi óviðkomandi að vinnusvæðinu.

Leyfishafi skal leitast við að draga sem mest úr umhverfishávaða við niðurrifið.

Úttektir og eftirlit:

Eintök af starfsleyfisskýrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskýrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðlega áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skýlt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Meðfylgjandi starfsleyfi eru leiðbeinandi reglur varandi niðurrif húsa og annara bygginga frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Húnaþing vestra 07.6.2021

Sigríður Hjaltadóttir
heilbrigðisfulltrúi